

Minnisblað

Til: Velferðarnefndar
Frá: Margrét Geirsdóttur
Dags. 16. apríl 2018
Mnr. 2018040036



ÍSAFJARÐARBÆR

Styrkbeiðni vegna kynningar á Hugarafli

Áhugasamir aðilar um geðrækt höfðu samband við Ísafjarðarbæ og óskuðu eftir styrk að upphæð kr. 200.000,- til þess að fjármagna komu hóps frá Hugarafli til Ísafjarðarbæjar.

Markmiðið er að auka vitund um geðheilbrigðismál og koma á fót stuðningshópi til eftirfylgni fyrir þá sem glíma við geðrænan vanda. Erindinu var einnig beint til Skóla- og tómstundasviðs.

Gert er ráð fyrir að haldinn verði fyrirlestur og að skólar verði heimsóttir. Ekki hefur verið gengið frá dagskrá en gert er ráð fyrir að starfsmenn Hugarafls verði í Ísafjarðarbæ dagana 11. – 13. maí næstkomandi.

Vesturafli mun verða í samvinnu við Hugarafli og aðra um að skipuleggja kynninguna.

Hér með er óskað eftir fjárstuðningi að upphæð kr. 100.000,- til verkefnisins. Skóla- og tómstundasvið leggur fram sömu upphæð.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar